

Uppvaxtarsjóður SÖFNUNARLÍFTRYGGING

— með fjárfestingaráhættu —

Vátryggingarskilmálar nr. LX40

Um vátrygginguna gilda:

- Vátryggingarskírteinið ásamt áritunum og sérskilmálum.
- Skilmálar þessir nr. LX40.
- Beiðni um söfnunarlíftryggingu.
- Lög um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

Ákvæði í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun ganga framur ákvæðum í skilmálum. Ákvæði í vátryggingarskírteini, endurnýjunarkvittun og skilmálum ganga framur frávíkjanlegum lagaákvæðum.

Efnisyfirlit:

A. Líftryggingarákvæði

1. Vátryggður
2. Réttthafar
3. Vátryggingin gildir
4. Upphaf og lok ábyrgðar
5. Bótasvið
6. Útreikningur iðgjalds
7. Tilkygning um vátryggingaratburð
8. Krafa um bætur

B. Sjúkdómatryggingarákvæði

9. Vátryggður
10. Vátryggingin gildir
11. Upphaf og lok ábyrgðar
12. Bótasvið
13. Útreikningur iðgjalds
14. Tilkygning um vátryggingaratburð
15. Krafa um bætur

C. Fjárfestingarákvæði

16. Rekstrarfélög
17. Söfnunarleiðir
18. Endurstilling
19. Útborgun
20. Samningslok

D. Sameiginleg ákvæði

21. Upplýsingaskylda við gerð vátryggingarsamnings
22. Breytingar á samningi
23. Vátryggingarfjárhæð
24. Ráðstöfun iðgjaldaeininga
25. Greiðsla iðgjalds
26. Uppsögn á vátryggingartímabili
27. Upplýsingaskylda við uppgjör bóta
28. Svíksamleg háttsemi
29. Vextir af bótafjárhæð
30. Vísitölubinding
31. Fyrning
32. Endurkaup

33. Tilkygning um aðsetursskipti
34. Gjaldmiðill
35. Meðferð ágreiningsmála
36. Varnarþing

Inngangur

Vátryggingarskilmálar þessir gilda fyrir Uppvaxtarsjóð Líftryggingafélags Íslands hf. sem er söfnunarlíftrygging og innifelur dánaráhættulíftryggingu, sjúkdómatryggingu og söfnun með fjárfestingaráhættu. Vátryggingartaki gerir samning vegna vátryggðs. Vátryggður er barn undir átján ára aldri sem öðlast rétt yfir söfnuninni þegar það hefur náð átján ára aldri. Söfnunarlíftrygging er svonefnd "einingartengd líftrygging" (unit-linked) þar sem engin loforð eru gefin um ávöxtun og vátryggður ber sjálfur fjárfestingaráhættuna.

Fyrir mánaðarlegt iðgjald eru keyptar iðgjaldaeiningar. Mismunur á kaup- og sölugengi iðgjaldaeininga kemur fram á vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun og inni í því er kostnaður vegna kaupa á verðbréfum fyrir iðgjaldaeiningar. Hluta iðgjaldaeininga er ráðstafað til greiðslu á iðgjaldi dánaráhættulíftryggingar og sjúkdómatryggingar. Það sem eftir stendur af iðgjaldaeiningum fer í nafni félagsins til ávöxtunar vegna söfnunarpáttar vátryggingarinnar í verðbréfum samkvæmt valinni söfnunarleið er kemur fram á vátryggingarskírteini.

Verðbréfasöfn vegna söfnunarlíftryggingar verða í eigu Líftryggingafélags Íslands hf., en vátryggður á jafnmargar iðgjaldaeiningar hjá félaginu og eignir félagsins eru í viðkomandi verðbréfum vegna söfnunarpáttar vátryggingarinnar í krónum talið. Fjöldi iðgjaldaeininga tekur breytingum eftir ávöxtun fjárfestinga á hverjum tíma.

Hugataka- og orðaskilgreiningar

Eftirfarandi skilgreiningar gilda í samskiptum félagsins og vátryggingartaka/vátryggðs við túlkun samningsins:

Aðalgjaldagi vátryggingar sem greitt er af mánaðarlega er 11 mánuðum eftir lok útgáfumánaðar vátryggingarinnar og árlega sama mánaðardag eftir það.

Mánaðarlegt iðgjald merkir samningsbundna greiðslu til félagsins.

Iðgjaldaeiningar merkja jafnvirði mánaðarlegs iðgjalds að teknu tilliti til kaup- og sölugengis hjá Líftryggingafélagi Íslands hf. á hverjum tíma og er hver iðgjaldaeining jafngildi einnar íslenskrar krónu.

Fjárfestingarstefna merkir val á því hvernig iðgjaldaeiningum er varið til fjárfestinga.

Vátryggingartaki merkir þann sem gert hefur samning um vátryggingu við félagið.

Vátryggður er sá sem er líftryggður, sjúkdómatryggður og er jafnframt eigandi söfnunarpáttar vátryggingarinnar.

Endurkaupsverð merkir uppsafnaðar iðgjaldaeiningar sem keyptar eru fyrir innbargað iðgjald og ávöxtun af þeim að frádregnum kostnaði.

A. Líftryggingarákvæði

1. Vátryggður

Vátryggður er sá sem nefndur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

2. Réttthafar

Réttthafi er sá sem á rétt til þess að fá vátryggingarfjárhæðina greidda eftir að vátryggingaratburður hefur orðið. Vátryggingartaki getur tilnefnt einn eða fleiri réttthafa að vátryggingarfjárhæð. Ef vátryggingartaki tilnefnir enga réttthafa, gildir 100. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

3. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

4. Upphaf og lok ábyrgðar

Ábyrgð félagsins hefst þegar félagið hefur tekið á móti og samþykkt beiðni um líftryggingu, nema um annað hafi verið samið. Ábyrgð félagsins hefst þó aldrei fyrr en vátryggður er þriggja mánaða. Vátryggingin endurnýjast árlega, þó ekki lengur en til átján ára aldurs hins vátryggða.

5. Bótasvið

Félagið greiðir bætur vegna andláts vátryggðs.

6. Útreikningur iðgjalds

Félagið áskilur sér rétt til að ákvarða endurnýjunariðgjald með hliðsjón af almennri áhættubreytingu og öðrum þeim orsökum sem valda röskun á bótagrundvellingum.

7. Tilkynning um vátryggingaratburð

Þegar vátryggingaratburður hefur orðið skal réttthafi skýra félaginu frá því án ástæðulauss dráttar.

8. Krafa um bætur

Látist vátryggður á gildistíma vátryggingarinnar getur réttthafi krafist greiðslu bóta ásamt söfnunarpætti 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra gagna sem þörf var á til þess að kanna ábyrgð sína og reikna út fjárhæð bóttanna, sbr. 121. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004. Við greiðslu ber að afhenda vátryggingarskírteinið áritað af réttthafa.

B. Sjúkdómatryggingarákvæði

9. Vátryggður

Vátryggður er sá sem nefndur er í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.

10. Vátryggingin gildir

Vátryggingin gildir hvar sem er í heiminum.

11. Upphaf og lok ábyrgðar

11.1 Ábyrgð félagsins hefst þegar félagið hefur tekið á móti og samþykkt beiðni um sjúkdómatryggingu, nema um annað hafi verið samið. Ábyrgð félagsins hefst þó aldrei fyrr en þegar vátryggður er orðinn tveggja ára og lýkur þegar vátryggður er orðinn átján ára. Félagið greiðir þó bætur vegna krabbameins, góðkynja heilæxlis, útlímamissis og alvarlegra brunasára frá því að vátryggður nær þriggja mánaða aldri. Vátryggingin endurnýjast árlega, þó ekki lengur en til átján ára aldurs hins vátryggða.

11.2 Greinist sjúkdómur áður en ábyrgð félagsins hefst eða eftir að vátryggingin hefur fallið úr gildi er félagið ekki bótaskýlt þó að leiða megi líkur að því að sjúkdómur hafi verið til staðar meðan vátryggingin var í gildi.

11.3 Þegar bætur hafa verið greiddar fellur sjúkdómatryggingin niður.

12. Bótasvið

Félagið greiðir bætur vegna:

12.1 Kransæðastíflu/hjartadreps (myocardial infarction)

Drep í hluta hjartavöðvans vegna ónógs blóðflæðis til þess svæðis. Öll eftirtalin einkenni þurfa að vera til staðar:

- 12.1.1 Dæmigerður brjóstverkur.
- 12.1.2 Nýjar einkennandi breytingar á hjartalínuriti.
- 12.1.3 Hækkun á sértækum ensímum fyrir hjartadrep, Tróponínnum eða öðrum lífefnafræðilegum merkjum um hjartadrep.

Undanskilið:

- 12.1.4 Hjartadrep án ST-hækkana (NSTEMI) með hækkun á Tróponíni I eða T.
- 12.1.5 Önnur bráð kransæðatilfelli (acute coronary syndromes).

12.2 Kransæðaskurðaðgerðar / hjáveituaðgerðar

- 12.2.1 Opin brjóstholsskurðaðgerð í þeim tilgangi að laga með kransæðagræðlingsaðgerð (coronary artery bypass surgery) eina eða fleiri kransæðar sem eru þrengdar eða lokaðar. Sýna þarf fram á nauðsyn aðgerðar með kransæðamyndatöku (coronary angiography).

Undanskilið:

- 12.2.2 Kransæðavíkkun eða -blástur (angioplasty) og/eða sérhver innanæðaaðgerð.
- 12.2.3 Kögunaraðgerðir (key-hole surgery).

12.3 Hjartalokuaðgerðar (heart valve replacement)

- 12.3.1 Skurðaðgerð framkvæmd til að koma fyrir gervilokum í stað einnar eða fleiri hjartaloka. Í þessu felst að gerviloku er komið fyrir í stað ósæðar-, mítur-, lungnaæðar- eða þríblöðkuloku vegna lokuþrengsla eða lokuleka eða hvorutveggja.

Undanskilið:

- 12.3.2 Lokuviðgerð (repair).
- 12.3.3 Lokuskurður (valvulotomy).
- 12.3.4 Lokuvíkkun eða ummyndun (valvuloplasty).

12.4 Skurðaðgerðar á ósæð

Skurðaðgerð sem framkvæmd er vegna langvinnis sjúkdóms í ósæð og nauðsynleg er til að fjarlægja hinn sjúka hluta ósæðar og koma fyrir æðabót (graft) í hans stað. Með ósæð er hér átt við hina eiginlegu ósæð í brjóst- og kviðarholi en ekki hliðargreinar hennar.

12.5 Heilablóðfalls/slags (stroke)

- 12.5.1 Sérhvert heilaæðatilfelli er veldur taugaeinkennum (neurological sequelae) sem vara í meira en 24 klukkustundir og felur í sér drep í heilavef, blæðingu eða segarek frá uppsprettu utan heilans. Staðfesting á skertri taugastarfsemi í a.m.k. þrjá mánuði þarf að liggja fyrir.

Undanskilið:

- 12.5.2 Skammvinnt blóðþurrðarkast í heila (TIA, Transient Ischemic Attack).
- 12.5.3 Einkenni frá taugakerfi vegna mígreni.

12.6 Krabbameins

- 12.6.1 Illkynja æxli (malignant tumor) sem einkennist af stjórnlausum vexti og dreifingu illkynja fruma og ífarandi vexti í vefi. Sjúkdómsgreiningu verður að staðfesta með sérstakri vefjagreiningu. Hvítblæði og illkynja sjúkdómar í eitlum svo sem Hodgkinssjúkdómurinn falla einnig undir þessa skilgreiningu.

Undanskilið:

- 12.6.2 Öll CIN-stig (innanþekjuæxlisvöxtur í leghálsi).
- 12.6.3 Öll forstig illkynja æxlis (pre-malignant).
- 12.6.4 Krabbamein sem ekki vaxa ífarandi (setbundið krabbamein þ.e. "cancer in situ").
- 12.6.5 Krabbamein í blöðruhálskirtli stig 1 (T1a, 1b, 1c).
- 12.6.6 Húðkrabbamein, þar með talin illkynja sortuæxli stig 1A (T1a N0 M0).
- 12.6.7 Krabbamein þegar alnæmisveiran er til staðar (Human Immunodeficiency Virus).

12.7 Góðkynja heilaæxlis

- 12.7.1 Brottnám góðkynja heilaæxlis í svæfingu (general anaesthesia) sem leiðir til viðvarandi skerðingar á heilastarfsemi eða ef það er óskurðtækt og leiðir jafnframt til viðvarandi skerðingar á tauga starfsemi (neurological deficit).

Undanskilið:

- 12.7.2 Allar blöðrur (cysts).
- 12.7.3 Hnúðar (granuloma).
- 12.7.4 Vanskapanir á slagæðum eða bláæðum heilans.
- 12.7.5 Blóðkúlur (haematomas).
- 12.7.6 Æxli í heiladingli eða mænu.

12.8 Heila- og mænisiggs (Multiple Sclerosis)

Ótvíræð greining heila- og mænisiggs gerð af sérfræðingi í taugasjúkdómum sem starfar á viðurkenndum spítala. Hinn tryggði verður að hafa haft einkenni um afbrigðilega taugastarfsemi samfellt í að minnsta kosti 6 mánuði eða að minnsta kosti tvö tilfelli, klínískt staðfest (hvort um sig með einkennum í að minnsta kosti 24 klukkustundir, með að minnsta kosti eins mánaðar millibili og frá ólíkum svæðum í miðtaugakerfinu). Þetta þarf að vera staðfest með dæmigerðum einkennum afmýlingar; röskun á hreyfigetu og skynjun, svo og dæmigerðum breytingum sem fram koma við segulómun (MRI).

12.9 Hreyfitaugungahrönnunar (MND)

Staðfesting á ákveðinni greiningu hreyfitaugunga-hrönnunar (þ.e. blönduð hreyfitaugungahrönnun, frumhrönnun hreyfitaugunga, ágeng vista, mænu-kyfulömun) frá sérfræðingi í taugasjúkdómum sem starfar sem slíkur á viðurkenndum spítala. Sjúkdómurinn þarf að hafa valdið því að vátryggður er algjörlega rúmfastur og ófær um að komast á fætur án aðstoðar, eða um er að ræða viðvarandi getuleysi til að framkvæma sjálfstætt þrjár eða fleiri af eftirtöldum athöfnum daglegs lífs: Baða sig, klæðast/afklæðast, komast á og nota salerni, komast úr rúmi á stól eða af stóli í rúm, hafa stjórn á hægðum og þvaglátum, borða/drekka og geta tekið lyf. Staðfesta verður læknisfræðilega að þessar aðstæður hafi varað í a.m.k. 3 mánuði.

12.10 Líffæraflutnings

Líffæraflutningur þar sem tryggði hefur þegið hjarta, lungu, lifur, bris, smágimi, nýra eða beinmerg.

12.11 Nýrnabilunar

Nýrnabilun á lokastigi sem einkennist af langvinnri óafturkræfri bilun á starfsemi beggja nýrna og leiðir annaðhvort til reglubundinnar skilunar (blóðskilun eða kviðskilun) eða þess að nýrnaflutningur (renal transplantation) er framkvæmdur.

12.12 Alvarlegs bruna

Þriðja stigs brunasár sem þekja að minnsta kosti 20% af yfirborði líkama vátryggðs, staðfest af sérfræðingi með víðtæka reynslu í meðferð brunasára.

12.13 Útlimamissis

Varanlegur missir tveggja eða fleiri útlima ofan úlnliðs eða ofan ökkliðið vegna slyss eða vegna aflimunar af læknisfræðilegum ástæðum.

12.14 Blindu

Algjör, varanlegur og óafturkræfur missir sjónar á báðum augum vegna sjúkdóms eða slyss, staðfest af sérfræðingi í augnlækningum.

Félagið greiðir ekki bætur vegna:

12.15 Krabbameins sem greinist á fyrstu þremur mánuðum eftir að ábyrgð félagsins hefst.

12.16 Heila- og mænisiggs sem greinist á fyrstu þremur mánuðum eftir að ábyrgð félagsins hefst.

12.17 Sjúkdóms, aðgerðar eða annars vátryggingar-atburðar ef vátryggður lifir ekki að minnsta kosti í þrjátíu daga frá því að hann greindist með sjúkdóm, aðgerð var framkvæmd eða annar vátryggingaratburður átti sér stað.

12.18 Sjúkdóms, aðgerðar eða annars vátryggingar-atburðar sem beint eða óbeint er af völdum kjarna-breytingar, jónandi geislunar, mengunar af geislavirkum efnum, kjarnaeldsneytis og kjarnaúrgangsefnis eða af völdum stryrjaldar, innrásar, upppots, verkfalls eða svipaðra aðgerða.

12.19 Sjúkdóms, aðgerðar eða annars vátryggingar-atburðar sem beint eða óbeint er af völdum jarðskjálfta, eldgosa, skriðufalla, snjóflóða eða annarra náttúruhamfara.

12.20 Sjúkdóms nema greining hafi verið samþykkt af íslenskum sérfræðingi í viðkomandi sérgrein.

13. Útreikningur iðgjalds

Félagið áskilur sér rétt til að ákvarða endurnýjunar-iðgjald með hliðsjón af almennri áhættubreytingu, breytingu á kaupmætti íslensku krónunnar og öðrum þeim orsökum sem valda röskun á bótagrundvellingum.

14. Tilkynning um vátryggingaratburð

- 14.1 Vátryggður skal án ástæðulauss dráttar tilkynna félaginu um vátryggingaratburð.
- 14.2 Vátryggður glatar rétti til bóta ef hann tilkynnir félaginu ekki um kröfu sína innan eins árs frá því að hann vissi um atvik sem hún er reist á.

15. Krafa um bætur

Vátryggður getur krafist greiðslu bóta 14 dögum eftir að félagið átti þess kost að afla þeirra upplýsinga sem þörf var á til þess að meta ábyrgð félagsins, sbr. 121. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

C. Fjárfestingarákvæði

16. Rekstrarfélög

Félagið gerir á hverjum tíma samninga við tiltekin rekstrarfélög, eitt eða fleiri, um varðveislu og ávöxtun vegna söfnunarpáttar vátryggingarinnar.

17. Söfnunarleiðir

Valin söfnunarleið kemur fram á vátryggingarskírteini eða endurnýjunar-kvittun.

Samsetning einstakra söfnunarleiða getur breyst, samanber ákvæði í vátryggingarbeiðni.

Fjárfestingaráhættan er vátryggðs.

18. Endurstilling

Ef hlutföll verðbréfaeignar innan tiltekinna söfnunarleiðar breytast um 10 prósentustig eða meira frá fjárfestingarstefnu leiðarinnar samkvæmt vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun á sér árlega stað sjálfvirk endurstilling fjárfestinga innan söfnunarleiðarinnar þannig að fjárfestingarstefna hennar haldist. Endurstilling er framkvæmd í ársfjórðungi afmælimánaðar vátryggðs.

19. Útborgun

Eftir að vátryggingin er úr gildi fallin og vátryggður er orðinn fullra átján ára greiðir félagið út söfnunarpátt vátryggingarinnar innan 14 daga frá því að skrifleg beiðni berst frá vátryggðum.

20. Samningslok

- 20.1 Þegar upphaflegum samningstíma vátryggingarinnar er náð, eða við átján ára aldur vátryggðs, er söfnunarpáttur hennar laus til ráðstöfunar.
- 20.2 Þegar vátryggingu lýkur áður en upphaflegum samningstíma er náð eða sá tími er kominn og söfnunarpáttur vátryggingarinnar er ekki greiddur út verður hann ávaxtaður samkvæmt þeirri söfnunarleið er í gildi var á lokadegi vátryggingarinnar.

D. Sameiginleg ákvæði

Sameiginleg ákvæði gilda um A, B, og C kafla skilmála þessara.

21. Upplýsingaskylda við gerð vátryggingarsamnings

- 21.1 Vátryggingartaki skal veita félaginu þær upplýsingar sem það óskar eftir við gerð vátryggingarsamnings. Að auki ber honum að eigin frumkvæði að veita félaginu upplýsingar um sérstök atvik sem hann veit, eða mátti vita, að hafi verulega þýðingu fyrir mat félagsins á áhættu.
- 21.2 Hafi vátryggingartaki sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína ber félagið ekki ábyrgð.
- 21.3 Hafi vátryggingartaki vanrækt upplýsingaskyldu sína í þeim mæli að ekki telst óverulegt getur ábyrgð félagsins fallið niður í heild eða að hluta.

22. Breytingar á samningi

- 22.1 Á gildistíma vátryggingarinnar getur vátryggingartaki sótt um að breyta mánaðarlegu iðgjaldi og söfnunarleið samkvæmt eftirfarandi reglum:
- 22.2 Allar umsóknir um breytingar á samningi skulu vera skriflegar á þar til gerðum eyðublöðum félagsins og eru háðar samþykki þess. Umsókn um breytingar skal lögð fram með 30 daga fyrirvara miðað við gjalddaga vátryggingarinnar.
- 22.3 Kostnaður vegna breytinga ákvarðast af gjaldskrá félagsins á hverjum tíma.

23. Vátryggingarfjárhæð

- 23.1 Vátryggingarfjárhæðir koma fram í vátryggingarskírteini eða endurnýjunarkvittun.
- 23.2 Vátryggingarfjárhæðin hækkar í samræmi við breytingu á vísitölu neysluverðs.

23.3 Lækki vísitalan hefur það ekki áhrif til lækkunar á vátryggingarfjárhæð.

24. Ráðstöfun iðgjaldaeininga

Félagið mun innan fimm virkra daga frá móttöku mánaðarlegs iðgjalds ráðstafa iðgjaldaeiningum.

25. Greiðsla iðgjalds

25.1 Iðgjald fellur í gjalddaga þegar greiðslu þess er krafist. Gjald dagar eru tilgreindir á vátryggingarskírteininu.

25.2 Vanskil geta valdið réttindamissi eða niðurfellingu vátryggingarsamningsins, sbr. 96. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

25.3 Falli ábyrgð félagsins niður vegna vanskila eftir að greitt hefur verið fyrir eitt ár hið minnsta má endurvekja vátrygginguna sem hreina áhættulíftryggingu án þess að nýjar heilsufarsupplýsingar komi til ef greitt er innan þriggja mánaða frá því að vátryggingin féll niður.

26. Uppsögn á vátryggingartímabili

26.1 Félagið getur sagt upp vátryggingunni:

26.1.1 Með 14 daga fyrirvara ef veittar eru rangar eða ófullnægjandi upplýsingar um vátryggða áhættu, sbr. 84. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

26.1.2 Fyrirvaralaust ef vátryggingartaki hefur sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína um vátryggða áhættu, sbr. 84. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

26.2 Félagið getur sagt upp öllum vátryggingarsamningum sem það hefur gert við vátryggingartaka ef hann hefur sviksamlega vanrækt upplýsingaskyldu sína.

26.3 Vátryggingartaki getur slitið vátryggingarsamningi hvenær sem er með skriflegri uppsögn.

27. Upplýsingaskylda við uppgjör bóta

27.1 Við uppgjör bóta skal sá sem á kröfu á hendur félaginu veita því upplýsingar og afhenda gögn sem hann hefur aðgang að og félagið þarf til þess að meta ábyrgð sína og greiða bætur.

27.2 Ef sá sem á kröfu á hendur félaginu, veitir af ásetningu rangar eða ófullnægjandi upplýsingar sem hann veit eða má vita að leiða til þess að hann fær greiddar bætur sem hann á ekki rétt til fellur niður allur réttur hans samkvæmt þessum

og öðrum vátryggingarsamningum vegna hins tiltekna vátryggingaratburðar. Við sérstakar aðstæður getur hann þó átt rétt til bóta að hluta, sbr. 2. mgr. 120. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

28. Sviksamleg háttsemi

Sá sem viðhefur sviksamlega háttsemi gagnvart félaginu missir allan rétt samkvæmt vátryggingarsamningi. Sé um fleiri vátryggingarsamninga að ræða getur hann einnig misst rétt til bóta samkvæmt þeim vegna sama vátryggingaratburðar, sbr. 83. og 120. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

29. Vextir af bótafjárhæð

Réttur til vaxta af bótafjárhæð er í samræmi við 123. gr. laga um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.

30. Vísitölubinding

30.1 Vátryggingin er vísitölubundin og breytist mánaðarlegt iðgjald og vátryggingarfjárhæð á aðalgjald daga vátryggingarinnar samkvæmt breytingum á vísitölu neysluverðs.

30.2 Útreikningur miðast við vísitölu mánaðarins áður en breyting fjárhæðar á að taka gildi.

30.3 Hækki vátryggingarfjárhæð um meira en 35% innan hvers árs vegna hækkunar vísitölu neysluverð áskilur félagið sér rétt til innheimtu viðbótariðgjalds vegna hækkunar umfram það mark.

31. Fyrning

Krafa um vátryggingarfjárhæð fyrnist á 10 árum. Fresturinn hefst við lok þess almanaksárs þegar sá er kröfuna á fékk nauðsynlegar upplýsingar um þau atvik sem krafa hans er reist á. Krafan fyrnist þó í síðasta lagi á 20 árum eftir lok þess almanaksárs sem vátryggingaratburður varð.

32. Endurkaup

Vátrygging þessi hefur endurkaupsverð.

33. Tilkynning um aðsetursskipti

Vátryggingartaki skal tilkynna félaginu tafarlaust ef hann flyst búferlum.

34. Gjaldmiðill

Allar fjárhæðir er varða vátryggingarsamning þennan eru í íslenskum krónum (ISK) nema annað leiði af lögum eða um sé samið sérstaklega.

35. Meðferð ágreiningsmála

- 35.1 Heimilt er að leggja ágreining við félagið fyrir Úrskurðarnefnd í vátryggingamálum skv. lögum um vátryggingarsamninga nr. 30/2004.
- 35.2 Úrskurðum Úrskurðarnefndar má skjóta til dómstóla.

36. Persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga

Félagið leggur ríka áherslu á öryggi við vinnslu persónuupplýsinga. Starfsfólk félagsins er bundið þagnar-og trúnaðarskyldu við hvers konar vinnslu persónuupplýsinga og öll vinnsla félagsins á persónuupplýsingum fer fram í samræmi við lög 90/2018 um persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga og reglum settum samkvæmt þeim. Í reglum um vinnslu persónuupplýsinga á heimasíðu félagsins, vis.is er að finna nánari upplýsingar um vinnsluna, þ.á.m. um það hvaða persónuupplýsingum félagið safnar, í hvaða tilgangi og á grundvelli hvaða heimilda, hversu lengi upplýsingarnar eru varðveittar og hvaða réttindi viðskiptavinir hafa varðandi vinnslu VÍS á slíkum upplýsingum.

37. Varnarþing

Heimili félagsins og varnarþing er í Reykjavík. Mál sem rísa út af vátryggingu þessari skulu rekin fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

Vátryggingarskilmálar þessir gilda frá 18. október 2018.

Vátryggjandi er Líftryggingafélag Íslands hf.